

Mál nr. 102/2008

M og

Vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar verktaka Í

Kona datt í tröppum og varð fyrir líkamstjóni þ. 14.12.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 28.5.2008. ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 4.6.2008.

Málsatvik.

M var á leið í próf í Háskóla Íslands og lá leið hennar um stórar og breiðar tröppur sem liggja á milli Odda og Árnastofnunar. Rok var þennan dag og þegar M var komin í næst efstu tröppuna kom vindhviða sem skellti M aftur á bak með þeim afleiðingum að M brotnaði á hægri olnboga. Í Lögregluskýrslu skýrir M svo frá að mikið rok hafi verið í umrætt sinn og á henni hafi skollid mjög sterk vindhviða sem hafi feykt henni aftur á bak og hún lent harkalega á hægri hliðinni. Tröppur þær sem um ræðir voru í samræmi við byggingarreglugerð að öðru leyti en því að handrið vantaði á tröppurnar. M krefst bóta úr hendi V vegna ábyrgðartryggingar verktaka þess sem hafði með framkvæmdir að gera á svæðinu. M bendir á að frágangur á tröppum þeim sem M datt úr hafi ekki verið lögum samkvæmt og þá hafi ekki verið sótt um byggingarleyfi fyrir tröppunum. Þá bendir M á ákvæði byggingarreglugerðar um handrið þar sem segir m.a. að á tröppum sem fara yfir einfalda gangbreidd skuli ávallt vera handrið báðum megin auk þess sem byggingarnefnd sé heimilt að krefjast aukahandriða á tröppum sem fara yfir þrjár gangbreiddir eins og hér um ræðir. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M lýsi því að ástæða slyssins sé fyrst og fremst sterkur vindur og sé honum um að kenna hvernig fór. Þá bendir V á að ekki hafi verið um sagnæma ólögmeta háttsemi að ræða.

Álit.

M hefur lýst því ítrekað að ástæða slyssins hafi verið skyndileg vindhviða sem hafi skellt henni aftur á bak með þeim afleiðingum að hún slasaðist. Ekki verður séð af gögnum málsins eða lýsingum M að umbúnaður á tröppum þeim sem hér ræðir um hafi verið orsakavaldur eða meðorsakavaldur þess að óhappið varð. Af þeim sökum verður ekki annað lagt til grundvallar en um hafi verið að ræða óhappatilkvik sem er ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Reykjavík 1. júlí 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.